

9. júlí 1973.

249

Nr. 76.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 9. júlí 1973 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

32. gr. orðist svo:

A. Um frumskráningu stúdenta til náms.

Skráning nýrra stúdenta til náms fer fram ár hvert á tímabilinu 15. júlí til 1. ágúst og frá 1. desember til 15. desember. Háskólaráð getur þó ákveðið, að skráning fari fram 1. júlí til 15. júlí í stað 15. júlí til 1. ágúst. Háskólaráði er enn fremur heimilt að ákveða, að frestir séu skemmri um skráningu í þær deildir, þar sem aðgangur er takmarkaður, svo og að leyfa einstökum stúdentum skrásetningu á öðrum tímum en greinir hér að framan, ef sérstaklega stendur á. Beiðni um skrásetningu skal fylgja ljósrit eða staðfest endurrit af stúdentsprófsskirteini og önnur þau skilríki, sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu háskólaráðs. Mæla má svo fyrir, að stúdentar fylli út umsóknar-eyðublöð og láti þar í té ýmsar almennar upplýsingar, sem þörf þykir að fá. Þá skal og skrásetningargjald, sbr. C-lið, fylgja umsókn.

Skrásettur stúdent fær í hendur háskólaborgarabréf, sem rektor undirritar.

B. Um árlega skrásetningu stúdenta til náms.

Stúdentar, aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, skulu láta skrásetja sig árlega á tímabili, er háskólaráð tiltekur að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að jafnaði í september. Nú er stúdent ekki á stúdentatali Háskólans, sbr. 26. gr. háskólalaga, og verður hann þá ekki skráður, nema hann sanni, að nafni hans sé ranglega sleppt í stúdentaskrá. Stúdentar hafa ekki rétt til að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinn árlegu skráningu. Þeir njóta ekki þeirra félagslegu fríðinda, sem því eru samfara að vera stúdent í Háskólanum, sbr. lög 33/1968, um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

C. Um skrásetningargjald o. fl.

Skrásetningargjald, bæði við frumskráningu og árlega skrásetningu, er 2 200.00 krónur og skiptist þannig:

Til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands renna 1 300.00 krónur, til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 600.00 krónur, en 300.00 krónur renna í sjóð er nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörzlu háskólaráðs, en stúdenta-

A 33

ráð tekur ákvarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja, eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem háskólaráð og stúdentaráð setja, en staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemendur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði, svo sem vegna efniskaupa.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Árni Gunnarsson.